

## 16

— Nei, svaraði hann en hugsaði sig svo um.

— Eða jú, ég les um stjörnufræði og hef líka áhuga á stærðfræði. Mér finnst ekki gaman að lesa bullsögur.

— Hvað meinardu?

— Æ, Harry Potter og svoleiðs.

— Ertu að meina skáldsögur?  
— Já, eða sögur sem fólk býr til og falla ekki um það sem gerist í raun og veru..

— En þú?

— Mér finnst gaman að lesa eiginlega allt.

Petta byrjaði ekki vel. Ég sem elskoði Harry Potter. Áttum við eithvað sameiginlegt? Hafði hann nokkurt ímyndunarafl eða humor? hugsaði ég og fann hvað ég saknaði Lindu.

Akam starði alvarlegur út í loftið.

— Ég er ömurleg í stærðfræði, sagði ég til að léfta stemninguna.

Hann leit hissa á mig, reisti sig aðeins upp og sagði:

— Ég get hjálpað þér. Mér finnst mjög skemmtilegt að leysa erfið dæmi.

Svo virtist hann strax sjá eftir því að hafa boðið þetta.

Hann hét Akam. Hann var höfðinu lægri en ég en samt ári eldri. Hann hafði komið til Þýskalands með mömmu sinni og fimm ára systur. Ég þorði ekki að spyrla um pabba hans en mig grunaði að myndin í vasanum væri af honum. Á meðan við borðuðum samlokurnar spjölluðum við aðeins saman. Ég var hissa á því að hann skyldi ekki vita hvar Íslandi væri. Hann kannaðist ekki einu sinni við víkingaklappið.<sup>128</sup>

— Hefur þú ekki áhuga á íþróttum?  
— Nei, alls ekki.

— Hvaða áhugamál áttu þá? spurði ég.  
— Nei,

Hann yppti öxlum.<sup>129</sup>

— Lestu bækur? spurði ég og fannst ég hljóma eins og miðaldrar útvärpsmaður á Rás 1.

128 Vikingaklappið er röð af klöppum og hrópum sem hefur verið notuð af stuðningsfólk íslenska landsliðsins í knattspyrnu síðan það keppti á Evrópumeistaramótinu í Frakklandi 2016.

129 Að yppa öxlum er að lyfta þeim aðeins upp, hreyfing sem sýnir að maður viti ekki eitthvað.

— Takk kærlega, það væri frábært.

Mig langaði ekkert sérstaklega til að bæta mig í stærðfræði. En hann hafði sagt þetta stoltur á svip. Kannski myndi það gleðja hann að fá að hjálpa mér?

Við gengum saman inn í skólan. Hinir krakkarnir störðu á okkur og pískruðu<sup>130</sup> á áberandi hátt.

Mér fannst það skrytið. Heima á Íslandi voru allir svo uppteknir í sínum sínum í frímínútum. Par væri fólk frekar baktalað<sup>131</sup> á snappinu, tiktok eða messenger, ekki á skóalalóðinni. Tveir strákar sem stóðu við innganginn sögðu eitthvað við Akam sem ég skildi ekki. En svar Akams skildi ég.

— Þegið!

Pá sneri strákurinn sér að mér og spurði á lélegri ensku:

— Stinga broddarnir ekkert þegar hann kyssir þig? Lenda þeir kannski akkúrat á milli brjóstanna á þér?

130 Að pískra er að tala svo lágt að aðrir heyrn ekki það sem sagt er.

131 Að baktala fólk er að tala illa um fólk án þess að það viti af því.

Ég varð orðlaus. Hafði ég geert þessum náunga eitthvað? Var nóg að ég væri nálgægt Akam til að þeim fyndist í lagi að tala svona við mig? Ég fann reiðina brjótast fram.

Hann setti stút á muninn og lét eins og hann væri að kyssa og kreista<sup>132</sup> brjóst. Þótt það væri fáránlegt, þá eldroðnaði ég og mér leið hörmulega. Mest langaði mig til að ráðast á hann. Mér datt bara eitt í hug að segja um leið og ég sendi honum fokkmerki og labbaði í burtu.

— Fuck you.

Ég þekki þessa típu. Svona ómerkilega náunga sem rembast við að vera kúl en þurfa stöðuga viðurkenningu frá félögum sínum. Stuðningsmönnum sem vita hvænar að hlæja svo foringinn líti ekki út eins og kúkur meðan hann níðist<sup>133</sup> á öðrum. Án klappliðsins eru þessir gaurar ekkert. Þegar ég ætlaði að spyrja Akam hverjur þeir væru var hann horfinn. Ertu skræfa,<sup>134</sup> drengur? hugsaði ég og hrísti höfuðið.

132 Að kreista er að þrýsta fast.

133 Að niðast á öðrum er að pína aðra.

134 Skræfa er það sama og heigull, gunga. Sú/sá sem þorir ekki, et ekki hugrökkt/hugrakkr.

Næsta dag voru íþróttir í lok skóladags. Íþróttakennarinn okkar, Herr Schunk, leiddi okkur eins og unga í halarófu<sup>135</sup> út að skógarstíg. Ég varð vonsvikin þegar ég fattaði að úthlaup voru á dagskrá. Ef það er einhver íþrótt sem ég virki-lega hata, þá eru það langhlaup. Ég er með astma og fæ alltaf geðveikt hóstakast eftir mikla áreynslu. Mamma og pabbi létu mig prófa fullt af íþróttum. Sú eina sem ég gafst ekki strax upp á var glíma, sem ég æfði í nokkur ár.

Ég hljóp af stað í sandölumum sem mamma hafði keypt handa mér. Hafði ekki hugmynd um að það ætti að mæta með hlaupaskó. Ég dróst strax aftur úr<sup>136</sup> hinum krökkunum. Meira að segja feitlaginn<sup>137</sup> strákur sem gat varla lyft

fótunum stakk mig af.<sup>138</sup> Þegar stígurinn greindist í tvennt vissi ég ekkert hvað ég ætti að gera og var alveg að bugast.<sup>139</sup> Hikandi valdi ég breiðari stíginn og gekk rólega áfram. Ég var komin með blöðru á aðra stórutána og ógeðslegt hælsæri<sup>140</sup> eftir sandalana þegar ég loksns fór úr þeim. Ég gekk spölkorn<sup>141</sup> berfætt en stoppaði svo alveg búin á því. Reyndi að hlusta eftir mannsröddum en heyroi ekkert nema ærandi fuglasöng.

Djöfulsins, helvítis, andskotans, helvítis djöfulsins fokking fokk, sagði ég við sjálfa mig. Ég lofaði mér því að mæta aldrei aftur í þennan ömurlega skóla. Í kvöld skyldi ég heimta að fara aftur heim til Íslands og búa hjá pabba. Af hverju gat ég ekki verið góð í íþróttum, bara einhverri andskotans íþróttagrein? Mér væri sama í hverju. Ég þekkti alveg nokkra krakka sem fengu ekkert háar einkunnir en voru þó góðir í fótbolta eða fimleikum og nutu virðingar félaga sinna fyrir það.

138 Að stinga einhværn af er að fara langt á undan einhverjum.

139 Að bugast er að gefast upp.

140 Hælsæri er sár á hælnum, oft út af nýjun skóm eða skóm sem ekki passa.

135 Halarófa er röð.

136 Að dragast aftur úr er að færast aftar og aftar í röð eða hópi.

137 Að vera feitlagin/feitlaginn er að vera svoltið feitur.

þegar ég var búin að missa næstum því alla von hlammaði<sup>142</sup> ég mér hágrottandi á bekk sem stóð til hliðar við stíginn. Þú ert sígremjandi, Hrafnhildur, sagði ég við sjálfa mig. Ferleg væluskjóða<sup>143</sup> geturðu endalaust verið. Aði, áfram með þig. Svona toguðust á í mér tvær persónur. Önnur rakkadí mig niður.<sup>144</sup> Hin reyndi að stappa í mig stálinu.<sup>145</sup> Önnur var óvinur minn, hin var vinur minn. Þetta rifildi þekkti ég vel. Ég horfði niður og sá haug af maurum skriða upp á ristarnar á mér og milli tátina. Hvað ef ég dey í þessum skógi? Ég sá fyrir mér fyrirsagnir í fjölmöldum heima. Íslenskrar stúlkur saknað í Þýskalandi – „Týndist í Íþróttatíma á fyrsta skóladegi sínum.“ Svo kæmi frétt um að ég hefði fundist látin,<sup>146</sup> hálfétin af villidýrum ... Ég fór að hágráta yfir þessum ímyndaða dauðdaga og tilhugsuninni um pabba bugaðan<sup>147</sup> af sorg. Á því augnabliki fann ég allt í einu sterka reykingsalykt.

Ég leit undrandi til hliðar. Þetta var stelpan, bessi með hringinn í nefinu og öll götin í cyrnum. Hún var sest á bekkinn hjá mér og reykti eins og ekkert væri sjálfsgöðara. Ég var svo hissa að ég gleymdi að gráta. Hún var ekki í Íþróttafötum heldur svartklædd frá toppi til táar í óreimuðum leðurstígvelum. Hún var með rauð gerviaughnhár, svartan augnskugga og svart maglalakk á mjóum fingrunum. Hárið var fjólu blátt og á enni hennar voru speglageraugu í sama lit. Hún tók djúpan smók af sígarettunni áður en hún kramdi stubbinn<sup>148</sup> undir sólanum.

— Skórnir mínr eru því miður of litlir á þig, sagði hún. — En við ættum samt að nota sama númer af sólgerlaugum, bætti hún glottandi við og rétti mér þau.

Ég leit í augu hennar. Þau voru góðleg og mild, í algjörri mótsögn við klæðnað hennar og raddblæ. Eða svo fannst mér. Hún talaði hratt og kæruleysisislega á óvenju góðri ensku.

— Farðu líka í sokkana. Það er miklu skárra að hardtega.

<sup>142</sup> Að hlamma sér niður þýðir að setjast þungt niður.

<sup>143</sup> Væluskjóða er einhver sem vælit, kvarrar eða grætur mikil.

<sup>144</sup> Að rakka einhvern niður þýðir að gagnryna einhvern mjög hardtega.

<sup>145</sup> Að stappa í einhværu stálinu þýðir að hvætja einhværu áfram.

<sup>146</sup> Látin/láttin þýðir það sama og dán/dáinn.

<sup>147</sup> Sú/sá sem er buguð/bugaður á enga orku lengur til.

148 Stubburinn er hér sigarettustubbur, filterinn á endanum.

Ég hlýddi, klaðdi mig í sokkana hennar og setti á mig gleraugun. Ég bjóst við að hún færí aftur í skóna en í staðinn gekk hún berfætt af stað eins og hún væri alvön því að ganga um skólaus. Ég elti.

— Láttu mig um að skýra þetta út fyrir Herr Schunk, sagði hún.

— Takk!

Svo bauð hún mér sigarettu, sem ég afþakkaði.

— Gott hjá þér, sagði hún. — Þú skalt aldrei byrja! Það reykja allt of margir unglingsar í Þýskalandi.

Hún hljómaði eins og fullordin kona. Ég bjóst næstum við að hún myndi klappa mér á öxlina eins og litlum krakka.

— Ekki á Íslandi, sagði ég, og fannst ég hljóma hallærislega.<sup>149</sup>

— Ókei, en heyrðu annars, ég heiti Annika.

— Hrafnhildur, sagði ég þótt ég vissi að hér gæti enginn kallað mig réttu nafni.

— Ég veit en má ég kalla þig Hildur? spurði hún þá og brosti örlítið.

149 Hallærislega þýðir hérasnalega.

— Já, já, sagði ég og brosti á móti.

— Sem betur fór voru flestir krakkarnir inni í íþróttahúsi að skipta um föt þegar við komum til baka. Herr Schunk komst varla að<sup>150</sup> á meðan Annika útskýrði fyrir honum hvers vegna við værum svona seinar. Hún talaði með miklum handahreyfingum og benti aftur og aftur á tæinar á sér. Að lokum gafst hann upp.

— Ég sagði honum bara að við hefðum gengið skólausar til að þjálfa á okkur fæturna. Margar ramsóknir hafi sýnt að það sé miklu hollara en að hlaupa í skóm.

— Takk, sagði ég enn og aftur og dáðist að því hvað Annika var hugmyndarík.<sup>151</sup>

— Kemurðu með niður í þær? spurði hún þá eins og við hefðum verið vinkonur í mörg ár. Eiginlega langaði mig heim en samt ekki. Það yrði ekkert gaman að segjast hafa villst í

150 Að komast ekki að þýðir hér að ná ekki að segja það sem maður vill segja.

151 Að vera hugmyndarík/hugmyndaríkur er að fá margar hugmyndir.

## 18

fyrsta íþróttatímanum og verið niðurlægð<sup>152</sup> í frímínútunum. Frekar vildi ég geta sagst hafa farið í bæinn með nýrri vinkonu. Hún væri rosalega fín stelpa, myndi ég bæta við og þá yrði mamma ánægð. Hún myndi auðvitað spryja hvort hún væri góður námsmaður og hvað foreldrar hennar ynnu við. Eins og það skipti einhverju máli.

— Já, ég er til, svaraði ég Anniku.

En ég myndi þurfa plástur og aðra skó. — Komum bara við heima, þú passar nokkurn veginn í skó af pabba, sagði fröken ráðagóð.<sup>153</sup>

Pegar við vorum að leggja af stað sá ég Akam vandræðast við útidýrnar. Hann vildi greinilega tala við mig. En ég hafði ekkert að gera við náunga sem létt sig hverfa þegar aðrir gerðu lítið úr mér. Með Anniku mér við hlíð gekk ég hratt fram hjá honum, létt eins og ég hefði aldrei séð hann fyrr. Eftirvæntingin<sup>154</sup> í svip hans breyttist í vonbrigði<sup>155</sup> og þá fékk ég þínu sting í hjartað.

152 Að vera niðurlægð/niðurlægður þýðir að einhver sýni manni ekki virðingu í samskiptum, stundum fyrir framan aðra.  
153 Að vera ráðagóð/ráðagóður þýðir að finna auðveldlega lausnir á vandamálum.  
154 Eftirvænting þýðir hér von.  
155 Vonbrigði er þegar maður missir vonina um að eithvað gerist eða þegar eithvað hefur brugðist sem maður vonaðist eftir.

Ég hafði ímyndað mér að Annika byggi í íbúð þar sem allt væri í drasli og að mamma hennar og pabbi væru listafólk eða rækju tattústofu. Það var ekki rétt. Það fyrsta sem ég sá var rauður blæjubíll<sup>156</sup> fyrir framan gult einbýlihús með stórum hvítum gluggum. Í garðinum var fullt af fallegum blómum og runnum.

— Eru foreldrar þínir arkitektar?

— Nei.

— Garðyrkjumenn?

— Nei, og þá hló hún. — Pabbi er læknir.

— Flott hús.

— Það finnst mér ekki. Ég vildi miklu frekar búa í litlu húsi. Eða í síbúð í háhýsi með lyftu og stórum svöllum.

— Áttu mörg systkin?

— Núll.

156 Blæjubíll er bíll með tjaldþaki sem hægt er að draga niður.

— Vá, hvað gerið þið þá við allt þetta pláss?

— Sána, skrifstofa, tvær stofur, borðstofa, biljarðherbergi, líkamsræktarherbergi, bókaherbergi, sjónvarpsherbergi, mitt herbergi, herbergi foreldra minna, já eða pabba, og gestaherbergi sem enginn kemur í af því að pabbi er alltaf að vinna.

— En mamma þín?

— Hún er dái.

— Ókei, sagði ég bara og vissi ekkert hvað ég

átti að segja næst.

Samt langaði mig til að vita meira og bætti því við eftir smástund:

— Er langt síðan?

— Nokkur ár, sagði hún, sneri lyklínum í skránni og hálfsparkaði upp hurðinni og skildi dynnar eftir opnar.

— Komdu inn, sagði hún undir risastórrí kristalsljósakrónu í forstofu þar sem feikilega<sup>157</sup> hátt var til lofts.

Inni í húsinu var allt rosalega flott. Málverk á veggjum og hvítur leðursófi í stofunni. Ég elti

<sup>157</sup> Feikilega bíðir rosalega.

Anniku á sokkunum alla leið að herberginu hennar sem var eins og hellir. Loftið var kolsvart og veggirnir dökkfjólubláir. Meira að segja rúmið var svart og rúmteppið líka. Á einn vegginn var búið að mala mörg óhugnamlegus<sup>158</sup> andlit sem flest grétu rauðum tárum. Ég stirðnaði upp. Sokkarnir míni límdust við gólfis. Ég kipptist við þegar Annika sagði:

— Farðu í þessa!

Svo skellti hún hvítum Adidas-skóm á gólfis.

— Héma er spritt og plástrar og nýir sokkar, ég hendi bara hinum.

Svo rauk hún út úr herberginu.

Þegar ég tók lestina til Trier með Anniku fannst mér sem liðnar væru tvær vikur frá því ég byrjaði í skólanum en ekki tveir dagar. Ég var í skóm af papba hennar sem voru í það minnsta tveimur númerum of stórir á mig. Mér fannst tilvera<sup>159</sup> mín öll vera of stór á míg. Mér var orðið kalt og

<sup>158</sup> Óhugnanlegt er eitthvað sem maður hræðist.

<sup>159</sup> Tilveran þýðir hér allt sem Hrafnhildur er búin að upplifa.

langaði heim í heitt bað. Ég herti mig upp<sup>160</sup> og spurði Anniku hvað hún væri vön að gera þegar hún færí í bæinn.

— Hitta vini mína.

— Eru þeir úr sama skóla og við?

— Sumir.

Við þögðum mestalla leiðina en þegar við vorum næstum komnar, sagði hún allt í einu:

— Þú ert með geggjað flott há�.

Ég gat ekki annað en brosað.

— Takk.

— Mamma var líka með krullað háð, samt ekki svona rosalega rautt.

Hún pírði augun<sup>161</sup> eins og hún væri að bera okkur saman. Mér fannst það pínulítid óþægilegt.

— Hún var líka með grænleit augu, samt aðeins dekkri en þín.

— Ókei.

— Hvað ertu há?

— 1,76 held ég.

— Vá! Þú ættir að verða fyrirsæta eða leikkona. Ekki spryrja mig hvað ég er há.

— Allt í lagi.

— Æ, það skiptir svo sem ekki máli. Ég er 1,58, en ég var líka fyrirburri,<sup>162</sup> átti eiginlega ekki að fá að lifa.

— Gott þú gerðir það, sagði ég. — Þú bjargaðir líf mínu.

Þá hló hún svo innilega að ég gat ekki annað en hlegið með.

Við höfðum talað saman á ensku en þegar Annika hitti tvær stelpur á lestarstöðinni, sem greinilega voru vinkonur hennar, skipti hún yfir í þýsku og ég skildi ekki neitt. Þær reyktu og voru ekkert að fela það. Ég elti þær en með hverju skrefi langaði mig meira og meira til að fara heim. Ég ætlaði að fara að segja Anniku það þegar hún ýtti í öxlina á mér og stillti sér upp við hliðina á mér.

160 Að herða sig upp þýðir hér að reyna að sýnaðst dugleg/ duglegur og ákveðin/ákveðinn.

161 Að píra augun er að herpa saman augnlokin til að reyna að sjá betur.

162 Fyrirburri er sú/sá sem fæðist fyrir tímann, áður en lokið er 37 vikna meðgöngu.

— Er fröken aumingjagóð<sup>163</sup> mætt?

Fyrst fattaði ég ekki að verið væri að tala til míni. Annika sneri sér að stráknunum sem hafði talað niður til míni fyrr um daginn. Við hlið hans stóð sláni<sup>164</sup> sem var eins og boginn ljósastaur. Annika svaraði stráknum úr skólanum á ensku.

Hann var frekjulegur á svípinn.

— Hvað meinarðu?

— Petta er nýja vinkonan hans Akams, það er komin rauð könguló til að passa litla ljóta maurinn.

— Haltu kjafti!

— Haltu kjafti sjálf, Annika!

— Drullaðu þér í burtu!

— Róleg Annika, ertu í vinnu fyrir Rauða krossinn? Sagði pabbi þinn þér að vera góða stelpan?

— Farðu, fífið þitt!

— Ertu farin að aðstoða Kúrda?

— Ég sagði: Drullaðu þér.

Annika öskraði á hann. Hvað var eiginlega í gangi? Strákurinn leit á mig.

- Velkomin til Þýskalands, rauða hóra, láttu mig vita þegar þú verður á lausu.
- Flustaðu ekki á hann, sagði Annika og dró mig í burtu.

Pétt upp við mig þúaði hún sígarettu á milljón, svo ég var að kafna.

— Petta er hálfviti. Petta er asni, sagði hún. Allt í einu fór hún að hágráta og ég hugsaði bara: Nei, ekki fleiri tár í dag.

— Þau voru sko saman, sagði önnur vinkonan.

— Hann var oft ógeðslega ómerkilegur við hana.<sup>165</sup> Hann er líka ógeðslegur rasisti.

— Ókei, sagði ég bara hóstandi og skjálfandi af kulta.

Samt var ekkert kalt úti.

— Ég held ég fari bara heim.

— Ertu viss? sagði Annika og þurrkaði tárin.

— Við ætlum sko að fá okkur pitsu.

— Já, ég er viss. Takk samt.

<sup>163</sup> Aumingjagóð/aumingjagóður er orð sem notað er um fólk sem vill hjálpa þeim sem þurfa hjálp. Orðð er oft notað í kalandæni.

<sup>164</sup> Orðð sláni þýðir mjög hávaxinn og mjór einstaklingur.

— Ókei, sagði hún. — Við sjáumst á morgun.

Svo faðmaði hún mig og bætti við:

— Fyrirgefðu, þú átt þetta alls ekki skilið.

Ég held að þú sért frábær manneskja.

— Ég á aldrei eftir að læra þýsku.  
— Æ, elsku ástin mína.

Mamma settist hjá mér og tók utan um mig, strauk hárið frá andlitinu, kystsí mið varlega á ennið og sagði:

Mamma sat á gólfínu og var að málalorð þegar ég kom heim.

— Hvað er að sjá þig, ástin mína?

— Petta eru ömurlegir sandalar, ógeðslegir.

Ég er búin að pína míg í þeim í allan dag, líka í þróttum. Af hverju mátti ég ekki bara fara í skóm sem ég er vön að ganga í?

Ég létt mig falla í sófann.

— Elsku ástin mína.

— Ég fer ekki í þeim aftur.

— Nei, nei, við kaupum einhverja góða íþróttaskó.

— Ekki Adidas.

— Nú?

— Bara ekki Adidas, sagði ég. — Petta er líka ömurlegur skóli, ég skil ekki neitt.

— Það lagast.<sup>166</sup>

166 Að lagast þýðir að verða betra.

— Elsku gullið mitt. Petta er líka mér að kenna. Við kaupum aðra skó á þig.

Ég lá lengi í faðmi hennar og hugsaði heim til Íslands, heim til pabba. *Vertu sterk, Hrafnhildur, væru sterk*, heyrði ég hann segja, og svo stóð ég á fætur og gekk upp í herbergið mitt.

Ég kveið því að mæta í skólann daginn eftir.

## 19

— Þær virðast vera sammála um margt. Já, eða hvað heldur þú?

— Örugglega, sagði ég án þess að vita það.

— En af hverju? Hver er þín skoðun á því, Hrafnhildur? sagði hann og gekk í áttina til míni, sposkur<sup>167</sup> á svip.

— Þetta árið byrja þrír nýir nemendur í bekknum, þar af einn frá Íslandi, sagði Heinz-Otto.  
— Hrafnhildur, sagði hann. — Ísland átti fyrsta kvenforsetann í heiminum, Vigdís Finnubogadóttur. EKKI statt?

— Jú, það er rétt, sagði ég og roðnaði.

Ég var þakklát fyrir að hann talaði ensku en var ekki ánægð með alla þessa athygli fyrir framan bekkinn.

— Forsætisráðherra ykkar er kona, Katrín Jakobsdóttir. EKKI satt?

— Jú, það er rétt, sagði ég og leit hikandi upp.

Allir horfðu á mig.

— Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hefur heimsótt Ísland og frú Jakobsdóttir hefur sömuleiðis heimsótt Frau Merkel til Þýskalands. Vissirðu það?

— Já, sagði ég en var ekki alveg viss.

Nú varð ég hissa. Mig langaði að segja að ég hefði ekki minnstu hugmynd um það. En mér fannst ég verða að svára. Pótt ég þekkti Heinz-Otto næstum ekki neitt langaði mig ekki til að bregðast honum.<sup>168</sup>

Skælbrosandi stóð hann rétt hjá mér og kinkaði kolli með útréttu handleggi. Ég sagði hikandi:

— Líklega loftslagsmál<sup>169</sup> og, já, hérrna sko, kannski hefur Merkel verið fyrirmynnd Katrínar.

Eiginlega beið ég eftir að hann myndi andvarpa þungt, láta hendur síga og snúa sér að einhverjum öðrum. Á meðan horfði ég enn stífar niður í borðið, greip penna og fór að krota svo fast

<sup>167</sup> Að vera sposk/sposkur þýðir að brosa striðnislega.

<sup>168</sup> Að bregðast einhverjum þýðir það sama og standast ekki væntingar, eða gera ekki það sem vonast er til.

<sup>169</sup> Orðið loftslagsmál á t.d. við um hýlmun jarðar og aðrar breytingar á veðri vegna umhverfisáhrifa, oft af manna-völdum.

í stílabókina að penninn stakkst í gegnum næstu síður.

— Það held ég að sé alveg rétt. *Ganz richtig, ganz richtig, aber*, sagði hann. — Það hlýtur að vera fleira, Hrafnhildur.

Fyrst spurði hann á þýsku en endurtók svo spurninguna á ensku.

Segðu bara eitthvað, Hrafnhildur, bara eitthvað svo þú virkir ekki nauheimsk, sagði ég við sjálfa mig.

— Eh, hérna, ég held að þær hafi báðar

kjark<sup>170</sup> til að taka erfiðar ákvæðanir og fá fólk til að styðja sig, sagði ég og þorði ekki að líta upp.

— Góðir punktar, góðir punktar, sagði Heinz-

Otto.

Nú fannst mér vera kominn tími til að þessi kennslustund færi að snúast um meira en þekkingu mína. Pessi nýi kennari minn var hins vegar ekki sammála.

— Hrafnhildur, þú þarf að læra þýsku, sagði hann afskaplega skýrt á þýsku.

— Ég veit það, sagði ég.

170 Kjarkur þýðir hugrekki.

— Nú ætla ég að láta þig fá verkefni. Á þýsku, bætti hann við. — Ég ætla að biðja þig um að skrifa um Angelu Merkel og Katrínu Jakobsdóttur. Hvað þær eigi mögulega sameiginlegt og að hvaða leyti þær eru ólíkar.

— Ókei, sagði ég bara.

Hvar er ég lent? hugsaði ég. Aldrei hefði nokkrum nemanda á Íslandi verið fengið svona erfitt verkefni strax í upphafi skólaársins. Og alls ekki ef hann kynni ekki tungumálið.

— Ég tók eftir því þegar þú talaðir um frú Jakobsdóttur þá sagðir þú Katrín. Várla talioð þið um forsætisráðherra ykkar með því að nota fornamfn þeirra?

Hann horfði yfir bekinn, virtist vita svarið og vilja sjá viðbrögð krakkanna þegar það kæmi.

— Jú, allir tala um og við alla með fornamfi á Íslandi.

— Ja-há. Heyrið þið það, nemendur góðir? Krakkarnir litu á Heinz-Otto og hættu að glápa á mig. Nema einn. Annika. Hún brosti út að eyrum með þumalinn á lofti og myndaði orðið kúl með vörumum. Ég leit undan. Í dag

ætlaði ég sjálf að velja mér félagskap og hafði ákveðið að tala hvorki við hana né Akam. Þá sagði Heinz-Otto:

— Ef Hrafnhildur á að geta skrifaað, ja, eignum við að segja þíjár síður á þýsku, þá held ég að hún þurfi einhverja aðstoð. Er einhver tilbúinn til þess að hjálpa hemni?

Ég sá hönd þjóta á loft. Auðvitað var það Annika sem sat teinrétt<sup>171</sup> með uppréttu hönd, brosandí til skiptis til mín og Heinz-Ottos. Ég vonaðist til að einhver annar myndi rétta upp hönd. Ég vildi ekki að fyrsta manneskjan sem kæmi með mér heim væri pónkari með níu göt í eyrunum og eitt í nefinu. Mamma fengi nett sjokk. Fjórir krakkar, sem ég myndi kalla venjulega, litu í aðra átt.

— Takk, Annika, sagði Heinz-Otto og leit yfir bekkinn. — Vilja fleiri bjóða fram aðstoð sína? Wibke?

— Nei, því miður, Herr Fischer, sagði ljóshærð stelpa með tagl og brosti. — Það er svo mikil að gera í víolunáminu.

171 Teinrétt/teinréttur þýðir það sama og mjög bein/beinn.

Svo leit hún á mig, grafalvarlegum og rannsakandi augum.

— Gott og vel. Þá segjum við það. Ég ætla að vera örlátur<sup>172</sup> og gefa ykkur fjórar vikur til að klára þetta verkefni. En nú að efninu, sagði hann hressilega og kveikti á tölvunni.

Ég gekk út í fyrstu frímínútur dagsins ákveðin í að límast hvorki við Akam né Anniku.

Í dag ætlaði ég að kynnast krökkum sem minntu mig á þá sem ég þekkti best heima. Krakka sem mömmu myndi líka vel við og kæmu mér ekki í vandræði. Efnileg<sup>173</sup> eintök eins og hún kallar þá. Því gekk ég um á skólalóðinni með þíjá tyggjópakka í rassvasanum. Annika stóð upp við vegg með krökkum sem klæddu sig eins og hún, í svart frá toppi til táar. Hún horfði á mig og veifaði mér en ég lét sem ég sæi hana ekki.

Þá kom ég auga á nokkrar stelpur úr bekknum og gekk til þeirra. Mér leið vandræðalega illa.

172 Að vera órlárt/örlátur þýðir að vilja gefa örðrum mikil af einhverju, vera ekki nísk/nískur.

173 Efnilegt er það sem er líklegt til að taka framförum, verða enn betra seinni.

Mest langaði mig til að hverfa aftur að girðing-unni og vera þar í friði með þessum Akam en vildi ekki vera stimpluð sem einhver lúser.

Ég gekk inn í hópinn og sagði:

— Hæ, um hvað eruð þið að tala?

Þær snarþögnuðu og litu undrandi á mig. Svo sagði ein þeirra:

— Varstu að spá í eithváð sérstakt?

— Nei, nei, sagði ég og kreisti fram bros.

— Viltu sprayja okkur að einhverju?

— Eh, nei, ég ætlaði bara að bjóða ykkur tyggið.

Hversu hallærísleg gat ég verið? Langaði til að segja: „Æ, sorri, ég tala bara við ykkur seinna“, en allt í einu var ég búin að opna tyggjópakkann og bjóða þeim að fá sér.

Þær störðu á mig eins og ég væri að bjóða þeim úldinn<sup>174</sup> fisk. Svo sagði ein þeirra:

— Það má sko ekki vera með tyggjó í skólanum.

— Ha?

— Við megum ekki vera með tyggjó í skólanum og alls ekki í tínum.

— Vá ... emm, ekki einu sinni í frímínútum?

174 Úldinn fiskur er gammall og illa lyktandi fiskur.

— Nei.

— Af hverju ekki?

— Bara, þetta eru reglur skólans.

— Vá, en geðveikt! Er þetta leikskóli eða grunnskóli? Það má sko alveg á Íslandi, sagði ég.

— EKKI hér. Mér þykir það leitt, annars hefði ég alveg fengið mnér, sagði hún og brosti örlítið assakandi.

— Ókei, sagði ég og stakk upp í mig þremur stykkjum og byrjaði að smjattal<sup>175</sup> og smjatta á meðan þær störðu hneykslaðar á mig.

Ég vissi ekki hvort ég ætti að vera eða fara og

sá sorglega mikil eftir að hafa reynt að troða mér inn í hópinn. Ég stóð fyrir utan klíkuna og blés risastórar tyggjókúlur með hjartað bankandi í brjósti mér þangað til bjallan hringdi inn.

Hversu óspennandi gat tilvera míni verið?

<sup>175</sup> Að smjatta er að tyggja þannig að það heyrist vel, með opinн munнинн.

## 20

hlau pandi með eldrauða ruslafötu í hendinni.

Ég leit undrandi á hana en hún stóð graffyrr og starði hvassst á mig. Ég hélt að ég ætti að ydda við áttum að finna ákveðnar tegundir jurta úti í skógi. Þegar Annika spurði hvort ég vildi vera með henni sagði ég bara já og brosti. Allt var betra en að villast aftur.

Verkefnið var að leita að plöntum eftir myndum á blöðum. Ég var ánægð með þetta verkefni þar sem ég þurfti ekki að skilja þýsku. Annika sagði mér líka að ég mætti ekki vera með tyggjó. Ég svaraði bara: *En leiðinlegt og teygði það út úr mér í nærbuxur og sneri því í hringi.* Anniku fannst þetta gífurlega fyndið og við skellihlögum á meðan við leituðum að brenninetlum.<sup>176</sup>

Síðasti tími dagsins var þýska hjá Frau Richter. Ég var nýsest þegar hún kom næstum því

hlaupandi með eldrauða ruslafötu í hendinni. Ég leit undrandi á hana en hún stóð graffyrr og starði hvassst á mig. Ég hélt að ég það ofan í rusla blýantinn minn og því gerði ég það ofan í rusla fötuna. Þá varð hún alveg brjáluð. Fyrst skildi ég ekki neitt en þegar hún var búin að öskra orðið kágúmmi minnst tú sinnum, þá fattaði ég að málið snerist um tyggjíð. Ég blés risastóra kúlu, sograði hana aftur upp í mig og skyrpti slummunnini beint í fötuna. Þrír strákar klöppuðu hátt saman lófum en hættu því þegar Frau Richter sneri sérvið og skipaði þeim að hætta þessum fífaskap.

Í lok tímans tilkynnti hún mér að ég ætti að sitja eftir og skrifa upp heillangan texta. Ég varð mjög hissa.

Hún sendi mér gervilegt bros og sagði um leið og hún raðaði blöðum vandlega í bunka:  
— Pú hefðir átt að hlusta á stelpurnar og láta vera að fá þér tyggjó. Reyndu ekki aftur að dreifa því um skólann.

Kerlingarherfa,<sup>177</sup> ljóta, leiðinlega kerlingarherfa, tauptaði ég á meðan ég skrifaldi textann upp.

176 Brennineta er jurt sem mann svíður undan eftir að hafa snert hana.

177 Kerlingarherfa er niðandi orð sem þýðir ljót kona.

Örugglega var hann um hversu ömurlega illa ég hafði hagað mér. Mig langaði svo heim til Íslands að ég var næstum farin að gráta en reiðin

bjargaði mér. Ég lofaði sjálfri mér því að ég myndi aldrei gráta fyrir framan þessa hundleiðin- legu konu. Um leið og ég kláraði rétti ég henni blaðið og sagði á íslensku:

— Þú ert helvítis norn!

— Afsakið? sagði hún og glennti upp augun.<sup>178</sup>

— Vertu blessuð, sagði ég þá mjög skýrt á

þýsku.

Gekk svo út og í átt að hjólinu mínu.

Einnmitt þegar ég sneri lyklignum í hjólalásum, heyrði ég ákafa rödd Akams.

— Ég hefði alveg getað sagt þér að það er bannað að vera með tyggjó.

— Hvað kemur þér við hvað ég geri?

— Það er ekkert gott fyrir þig að brjóta reglurnar. Þú eignast þá bara vini sem finnst það kúl, svona eins og Anniku.

— Skárra en að eignast þína vini, sagði ég.

— Hverja? Hvaða vini?

— Til dæmis þessa stráka sem voru að böggva mig í gær, sagði ég og teymdi hjólið áfram.<sup>179</sup>

— Þeir eru ekki vinir míni, sagði hann og skokkaði til að geta verið samferða mér.

— Nú! Eru þeir kannski óvinir þínir?

Þá sagði hann ekki neitt svo ég spurði aftur.

— Já, eiginlega, svaraði hann og leit niður

fyrir sig.

— Segðu þeim allavega að láta mig í friði. Og hættu að elta mig og segja hvað ég eigi að gera.

Ég er ekki barnið þitt.

— Ég var ekki að elta þig.

— Mig langaði bara til að segja þér að vera ekki að æsa Frau Richter. Þú græðir ekkert á því.

— Gerir þú aldrei neitt sem þú mátt ekki? Hann svaraði engu. Ég hefði alveg getað stokkið á hjólið og hjólað á fullu heim en einhvern veginn langaði mig ekki til þess. En mig langaði heldur ekki að láta Akam tala við

<sup>178</sup> Að glenna upp augun er að galopna augun, gera þau viljandi stærri.

<sup>179</sup> Að teyma hjól er að halda um stýrið og yáta hjólinu áfram.

mig eins og smákrakka. Við gengum áfram í  
dauðapjögn. Þegar ég hafði hlustað á hann  
andvarpa aftur og aftur, spurði ég hann af hverju  
hann talaði miklu betri ensku en hinir  
krakkarnir í skólanum.

— Pabbi kemndi mér ensku.

— Gott hjá honum.

— Hann var sko mjög góður í ensku af því  
hann var í háskóla í London.

— Frábært.

Svo gengum við áfram í vandræðalegri  
stemningu þangað til hann ræstti sig og sagði:

— Er gott að búa á Íslandi?

— Miklu skárra en hér.

— Af hverju?

— Bara, út af öllu.

— Hvernig þá?

— Maður fær að vera með tyggjó í skólanum,  
svona til dæmis.

Pá hló hann og mér brá því hann hlær jafn  
innilega og lítið barn sem er kitlað. Þegar ég leit  
á hann sá ég að augu hans geisluðu af humor.  
Ég gat ekki annað en brosað. Stuttu seinna,

þegar ég ætlaði að stökkva upp á hjólið, sagði  
hann:

— Segðu mér meira frá landinu þínu.

— Hvað viltu vita?

— Bara, allt.

— Lestu þá um það á netinu.

— Eru flóttamenn þar?

— Já.

— Margir?

— Slatti.

— Eru Kúrdar þar?

— Hverjir?

— Eru kúrdískir flóttamenn þar?

— Veit það ekki.

— Veistu hvað Kúrdar eru?

— Já.

— Segðu mér það þá.

— Æ, nei, ég veit það ekki, en þú?

— Já, sagði hann ögn hnýkslaður. — Ég er  
Kúrdi.

— Ertu ekki Sýrlendingur?

— Ég bjó í Kúrdistan og ég er Kúrdi, svaraði  
hann óvenju hvast.

— En mamma þín og pabbi?

— Mamma er Kúrdi og pabbi var það líka.

Við þessi orð gat ég ekki annað en stoppað og litið á hann. Hann starði beint niður fyrir sig og virtist halda um myndina í jakkavasanum. Pabbi hans var sem sagt dáinn.

— Það er leitt að heyra, sagði ég.

— Það er langt síðan.

— En leiðinlegt, sagði ég.

En einu sinni vissi ég ekkert hvernig ég ætti að haga mér og skammaðist mín fyrir að hafa verið leiðinlegt við hann.

— Kúrdistan er sko hluti af Sýrlandi, Íran, Írak og Tyrklandi, sagði hann.

Ég hafði á tilfönnungunni að hann vildi tala um eitthvað annað en pabba sinn.

— Vá, sagði ég og fannst ég hljóma kjánalega en bætti svo við:

— Ég veit hvar þessi lönd eru eða svona nokkurn veginn en ég vissi ekki að Kúrdistan væri til.

Mig langaði mest til að traka utan um hann.

Á sama tíma fannst mér það geta orðið það

asnalegasta sem ég gæti gert í dag. Ég bauð honum tyggið og við brostum pínulítið á meðan við byrjuðum að smjatta á því. Ég blés upp svo stóra kúlu að hún sprakk beint í andlitið á mér og þá skelitti hann upp úr og ég líka.

— Hvaða tungumál er talað á Íslandi? spurði hann þegar við vorum næstum komin niður í bæ.

— Íslenska.

— Íslenska, endurtók hann hugsi.

— Við erum sko bara þrijú hundruð og fimmtíu þúsund manna þjóð en eignum samt okkar eigið móðurmál, sagði ég stolt og leið eins og amma talaði í gegnum mig.

— Bara þrijú hundruð og fimmtíu þúsund? Er erfitt að læra málið?

— Já, það er mjög flókið. En tungumálið er okkur líka mjög dýrmætt.<sup>180</sup>

Við röltum áfram í rólegheitum. Akam vildi vita allt um Ísland.

— Mig langar til að flytja til lands án fordóma<sup>181</sup> og eineltis.

180 Dýrmætt er það sem er mikils virði.

181 Sú/sá sem er með fordóma dæmir fólk fyrir fram.

— Vertu ekki svona barnalegur, sagði ég. — Þá skaltu að minnsta kosti ekki flytja til Íslands.

Hann dæsti<sup>182</sup> og hægði ferðina.

— En það eru samt flestrir mjög almennilegir þar, bætti ég við. — Einu sinni átti að reka stelpu frá Afganistan og fjölskyldu hennar úr landi en það var hætt við það af því að krakkarnir í skólanum hennar mótmæltu því.

— Þú ert að bulla!

— Nei, þetta er alveg satt, sagði ég og sýndi honum stolt myndir af mótmælunum í símanum mínum.

— Petta myndi aldrei gerast hérna í Þýskalandi.

— Af hverju ekki?

— Af því að það eru svo margir sem þola ekki flóttafólk.

— Það er líka til þannig fólk á Íslandi.

— Já, en það færð ekki margin úr skólanum okkar í kröfugöngu ef það ætti að reka mig úr landi.

— Ertu viss?

— Handviss.

<sup>182</sup> Að dæsa er það sama og að andvarpa.

— Af hverju?

— Kannski af því að við verðum aldrei alveg, þýsk, sko svona þýsk, þýsk. Við verðum alltaf flóttafólk hér. Eða það held ég. Alltaf innflytjendur.

— Verð ég það ekki bara líka?

— Nei.

— Af hverju ekki?

— Þú ert frá landi sem fólk vill fara til, ég er frá landi sem fólk vill fara frá. Þú ert ekki frá landi sem fólk vill forðast og vill helst ekki vita að sé til.

Við þögðum og gengum stefnulaust<sup>183</sup> áfram.

Þegar við gengum fram hjá ítalska pitsustæðnum fattaði ég hvað ég var orðin svöng og mundi að ég var með þrijátíu evrur í buxnavasanum. Aðra skýringu hef ég ekki á því hvernig ég endaði með Akam á tveggja manna borði fyrir framan Fiorentini í dásamlegu veðri. Mér fannst yndislegt að sjá Akam hlæja sig máttlausan þegar ég hermdi eftir Frau Richter

<sup>183</sup> Þegar maður gengur stefnulaust áfram gengur maður ekki í ákveðna átt.

halda á rauðri ruslafötu og skamma mig. Hvað er betra en að hlæja með vinum sínum að eigin óförun.<sup>184</sup> Svo miklu betra en að fara heim og þurfa að útskýra og afsaka hversu misheppn-aður<sup>185</sup> maður er.

Akam gaf mér líka þýska þýðingu á orðunum sem ég hafði notað um Frau Richter. Sum vildi Akam endilega læra á íslensku og ég gat ekki hætt að hlæja þegar hann reyndi að segja *helvítis, andskotans kerlingarherfa*.

En svo varð hann snögglega alvarlegur og sparkaði í mig undir borðinu. Þá tók ég eftir að ham horfði stíft á þrjá stráka. Two þeirra þekktum við úr skólanum en þann þriðja hafði ég aldrei áður séð. Sá starði grimmdarlega<sup>186</sup> á okkur þegar félagar hans bentu í áttina til okkar. Náunginn var hávaxinn, massaður og

krúnurakaður<sup>187</sup> steragaur og virtist vera eldri en hinir tveir. Þegar þeir gengu í áttina til okkar fór um mig hrollur. Ég vissi að þeir myndu segja eitthvað niðurlægjandi<sup>188</sup> um Akam, líka um mig. Áður en ég náði að hugsa mig um var ég staðin upp með fokkmerkid á lofti. Peir sögðu ekkert en storðu glottandis<sup>189</sup> á mig. Harkalegt augnaráði sagði mér að ég skyldi gæta mín vel ef ég hitti þá aftur.

— Þú ert biluð, þú ert snarklikkuð, sagði Akam skelfingu lostinn.<sup>190</sup> — Þér á sko eftir að hefnast fyrir þetta.

— Þegið! sagði ég. — Þú ættir ekki að vera þessi helvítis skræfa, þá finnst þeim þú bara ennþá neira spennandi.

Ég veit ekki hvort hann heyrði það sem ég sagði því þegar ég leit við var hann horfinn. Þú

184 Ófarir er þegar maður lendir í vandræðum eða veseni án þess að ætla sér það.

185 Þegar fólk finnst það vera misheppnað finnst því það vera mjög ófullkomid.

186 Að horfa grimmdarlega er það sama og að horfa hvassst og illskulega á einhvvern.

187 Að vera krúnurökud/krúnurakaður þýðir að hafa rakað af sér allt hárið.

188 Að segja eitthvað niðurlægjandi er það sama og að segja eitthvað sem særir.

189 Að glotta er að brosa hæðnislega, hér merkir það að brosa án þess að meina það.

190 Að vera skelfingu lostin/lostinn þýðir að vera mjög hrædd/ hræddur.

ert nú meiri heigullinn,<sup>191</sup> Akam! Og heigull ertu sjálf, hugsaði ég þegar ég fann hvað fæturnir á mér skulfu.

Að vissu leyti var ég sammála Akam, líklega var ég snarklíkuð. Af hverju þurfti ég alltaf að vera að ögra öllum og öllu?

Skíthraedd og skjalfandi hjólaði ég heim.

Á leiðinni heim ákvæð ég að koma við hjá Heidi. Hún var úti í garði, stóð uppi í stíga við stórt tré. Með körfu bundna um mittið á sér teygði hún sig eftir perum.

— Bíddu, ég er alveg að koma, sagði hún og brosti til mína.

Líklega sá hún hvernig mnér leið þótt ég reyndi að láta ekki á neinu bera.<sup>192</sup> Mikið var lífið í þessum garði óllkt þeim raunveruleika sem ég hafði flúið fyrir fimm mínútum síðan.

— Heyrðu, ég kem bara núna. Haltu aðeins við stigann.

Hún leit rannsakandi í augu mér.

— Ertu svöng?  
— Nei, ég var að borða pitsu.  
— Ertu þyrst?

<sup>191</sup> Heigull er sú/sá sem ekki hefur mikið hugrekki, sú/sá sem hræðist margt.

<sup>192</sup> Að reyna ekki að láta á neinu bera þýðir að leyna því sem í raun og veru er í gangi.

— Nei.

— Ég er þyrst, sagði hún. — Leggstu aðeins í hengiróluna á meðan ég næ í te handa okkur.

Þegar hún kom aftur út í garð með jurtate í fallegum leirkatli lá ég í rólunni. Ég reyndi eins vel og ég gat að láta spennuna líða úr mér.

— Fáðu þér, þetta te róar tau garnar. Ég skar líka niður nokkrar perur. Þær eru dásamlegar.

Við sátum hljóðar og borðuðum perur þangað til ég spurði:

— Veist þú eitthvað um Kúrda?

— Alveg eitthvað. Af hverju spryrðu?

— Æ, bara, það er strákur í skólanum sem er Kúrdi.

— Einhver í bekknunum þínum?

— Nei, hann er eldri.

— Einhver sem er skotinn í þér?

— Pottþétt ekki.

— Bara vinur þinn?

— Ég veit það eiginlega ekki. Æ, það skiptir ekki máli.

— Kom eitthvað upp á?

— Nei, nei, það hefur ekkert gerst þannig lagð.

— En hvað?

— Æ, ekkert.

— Ertu hrædd við einhvern? spurði hún þá áhyggjiful.

Ég leit snöggt undan.

— Nei, nei, ekkert þannig.

— Ertu viss?

Já, ég var bara að spá í hvað það væru margir innflyvijendur í skólanum hér miðað við heima á Íslandi og svona.

Hún virtist skilja að það þýddi ekki að spryrja frekar. Mig langaði alveg að segja henni frá því sem hafði gerst en fannst það samt svo asnalegt því í raun hafði mér ekki verið hotað. Ég reyndi að tala um eitthvað annað en það var eitthvað svo vandræðalegt. Ég saknaði þess að geta rætt málin við pabba. Ég stóð á fætur og sagði:

— Ég ætti sko að drífa mig heim og klára skólaverkfni.

En Heidi vildi ekki sleppa mér.

— Hefurðu tíma til að hjálpa mér að tína perurnar af trénu? Má þetta verkfni ekki aðeins bíða?

— Jú, jú, ég get það alveg, svaraði ég og lagði frá mér skólatöskuna.

Eiginlega vissi ég ekki hvort ég vildi vera eða fara.

— Hilda, hvað með að bjóða fjölskyldunni þinni í mat hingað í kvöld? sagði Heidi þegar við tíndum síðustu perurnar af trénu. — Ég gæti boðið vinkonu minni líka. Hún er upprunalega frá Sýrlandi og þú gætir spjallað við hana. Það er nú einu sinni föstudagskvöld.

Þannig að sama föstudag og ég skyrpti stórrí

tyggjóslummu í rauða ruslafötum Frau Richter og gaf þýsku steratrölli fokkmerki, borðuðum við fjölskyldan mín í garðinum hennar Heidiar.

Mamma hafði greinilega haldið að þetta yrði inni og mætti í allt of háum hælum sem hún gat varla gengið í á grasinu. Tvíburarnir hlupu endalaust um allan garðinn eða ýttu hvor annarri í hengirólunni. Þær stálu svo miklu af berjum og ávöxtum af runnum og trijám að þær höfðu varla nokkra matarlyst þegar þær settust loks við borðið. Við Heidi höfðum búið til

grænmetislasanja þar sem næstum allt hráefnið var úr garðinum hennar. Í eftirrétt fengum við ofnbakaðar perur með kanil, hlynnsírópi og vanilluís. Til að byrja með voru allir frekar stífr.

Aisha vinkona Heidiar var mjög almennileg og spurði okkur heilmikið um Ísland. Smáman varð stemningin lettari. Tryggvi ræddi mikið við Aishu um Sýrland og ástandið þar.

— Rosalega er áhugavert að ræða við þig og fá að vita meira um land og þjóð. Ekkert okkar hefur kynnst Sýrlendingum persónulega fyrr, sagði Tryggvi.

— Reyndar ég, missti ég út úr mér.

— Nú? spurði Tryggvi. VERVIENNTASKÓLÍNN

— Já, í skólanum.

— Héra Úti eða heima?

— Hér.

— Ókei.

— Ég er búin að kynnast einum strák, sagði ég.

— Í þínum bekki?

— Nei, hann er ári eldri en ég.

— Svoleiðis.

— Hann er reyndar Kúrdi.

— Nú? Er hann þá ekki Sýrlendingur? spurði mamma.

— Jú eða nei, hann segist vera Kúrdi.

— Ég þarf greinilega að heyra meira um þetta þegar við komum heim, sagði mamma örlítið áhyggiufull.

Hún horfði á mig yfir borðið eins og ég hefði sagt henni að ég ætlaði að giftast Sýrlendingi daginn eftir. Af hverju hafði ég minnst á Akam?

Ég sem var næstum því búin að gleyma öllum vandamálum þetta kvöld.

— Ég gerði mér ekki grein fyrir því hvað við höfum farið hræðilega illa með Kúrda í Sýrlandi fyrr en ég flutti hingað til Þýskalands, sagði Aisha.

— Hverning þá? spurði ég

— Það er svo margt. Við höfum bannað þeim að tala opinberlega á móðurmáli sínu. Við höfum bannað þeim að stofna fyrirtæki í sínu eigin landi.

— Eruð þið samt vinir hér í Þýskalandi?

— Sumir, sumir ekki.

Stemningin varð þrúgandi á ný, stelpurnar voru farnar að rifast og mamma komin í vörn. Við kvöddum fljótegla og þökuðum fyrir okkur.

Á leiðinni heim ætlaði mamma að spyrja mig út í Akam en þá greip Tryggvi um herðarnar á henni.

— Ég held við ættum að geyma þessa umræðu aðeins, njótum kvöldsins, elskan.

Ég leiddi tvíburana, mamma og Tryggvi löbbuðu rétt á eftir okkur, haldandi utan um hvort annað.

— Takk fyrir að kynna okkur fyrir þessu fólk, Hrafnhildur míni, sagði Tryggvi.— Pú ert nú ansi heppin að hafa rekist á hana Heidi. Og hún á þig.

— Takk!

— Pú tekur fólk auðveldlega eins og það er. Það er góður kostur. Pú mátt vita það.

— Takk, endurtók ég og varð undarlega feimin.

Ég held að þetta hafi verið í fyrsta sinn seni Tryggvi hrósaði mér almennilega. Mér leið vel með það og sá að mamma brosti sínu breiðasta.

Ég vonaði að rauðvínsglösin hijá Heidi myndu í hana til að gleyma því að spryra meira út í Akam. Mig langaði sem fyrst upp í herbergi og

## 22

hringja í Lindu. Langaði að segja henni frá Akam. Henni gæti ég treyst.

Þegar ég loksns lagðist upp í rúm sá ég að Linda hafði reynt að hringja í mig tólf sinnum og sent nokkur skilaboð – *Parf nauðsynlega að tala við þig, urgent, SOS, plís hringdu!*

Ég hringdi. Þegar hún svaraði vissi ég að eitthvað mikil væri að. Hún grét svo sárt að ég spenntist öll upp.

— Hvað, Linda? Hvað er að?

— Ekkert, æ, ekkert, svaraði hún á milli ekkasoganna.<sup>193</sup>

Ég hafði ekki hugmynd um hvað ég ætti að segja. Linda fór eiginlega aldrei að gráta. Hún var alltaf fyrst til að hugga aðra og gefa góð ráð.

En núna var það Linda sem var niðurbrotin og hágrét. Ég óskaði þess að vera heima á Íslandi og geta sagt: *Viltu að ég komi til þín?* Og hún hefði sagt já. Og ég hefði hlaupið heim til hennar og huggað hana. Séð hvernig henni liði. Nú skildi ég betur orð öðnnu. Hún sagði svo oft á meðan við bjuggum heima, *farðu nú að koma*

<sup>193</sup> Þegar maður grætur mikil með andkófum og rokum þá kallast það að gráta með ekkasogum.

*við suo ég yjái hvernig þér líður*, það er ekki nóg að  
heyra í þér. Pegar ekkasogin hættu sagði ég:

— Ég vildi að ég gæti hlaupið til þín og séð  
hvernig þér líður.

Hún flissaði örлitið.

— Pú talar eins og amma þín.

En svo byrjaði hún strax aftur að gráta  
með ekka.

— Ég vildi að þú værir hérrna. Af hverju félkstu  
ekki bara að vera hjá pabba þínum?

— Ég veit, sagði ég en vissi í raun ekkert. — En  
hvað er að? Í alvörunni Linda, segðou mér það.

Eftir langa þögn kom svarið.

— Kormákur. Helvítis Kormákur.

— Vill hann ekki vera með þér?

— Petta er miklu verra, Habby, svo miklu,  
miklu verra. Pú trúir þessu aldrei upp á mig.

— Hverju?

— Ég hata hann.

— Af hverju?

— Pú trúir þessu aldrei.

— Segðou mér það, plís Linda, segðou mér það.  
Pá kom pínandi löng þögn.

— Hann er búinn að senda myndir af mér út  
um allt.

— Hafa?

— Já, hann er ógeðslegt svín.

— Ég sagði þér það. Það var ég sem lenti í  
honum fyrst. Linda, ég sagði þér að hann væri  
ógeðslega ómerkilegur. Þú hefðir aldrei átt að  
vera með honum.

— Pú skilur ekki neitt, Hrafnhildur, stundum  
skilur þú bara alls ekki neitt. Þú getur verið svo  
ótrúlega barnaleg. Ég er nakin á myndunum.

Síðan skelsti hún á.

Ég félk algjört sjokk og gekk um gólf í herberg-  
inumínú. Svo reyndi ég aftur og aftur að ná  
sambandi við Lindu en hún svaraði ekki. Þá  
ákvæð ég að fara niður og tala við mömmu. Vildi  
að hún gæfi mér stuðning og hlýju. En hvað átti  
ég að segja henni? Mig langaði niður og langaði  
ekki niður. Að lokum fór ég.

Ég sá í kollana<sup>194</sup> á mömmu og Tryggva við  
sófaendann. Fyrst hélt ég að þau væru sofandi.

194 Kollur merkir hér höfuð.

Svo sá ég tóma vínflösku á sófaborðinu. Þegar ég settist í stól á móti sófanum sá ég að þau voru næstum því nakin. Ég spratt upp úr stólnum og reyndi að læðast alla leiðina upp stigann en þá heyrði ég nafnið mitt kallað og leit við. Mamma var staðin upp og reyndi að klæða sig í peysu.

— Fyrirgefðu, Hrafnhildur mín, við héldum að þú værir sofnuð, sagði mamma.

Tryggvi leitaði að gleraugunum sínum á gólfnum.

— Er eitt hvað að? bætti hún við.

— Já, allt, sagði ég á meðan ég virti þau fyrir mér.

Mamma ber að neðan, stjúppabbi minn ber að ofan leitandi að gleraugunum sínum undir sófa.

— Líf ykkar væri fullkomið ef ég væri ekki til, sagði ég og hljóp grátandi inn í herbergi.

Ég var aukahlutur í minni eigin fjölskyldu og gagnslaus vinum mínum.

— Getum við talað saman, Hrafnhildur mína? Opnaðu nú, bað mamma blíðlega, fyrir utan læstar dyr.

Ég svaraði henni með því að hækka enn meira í tónlistinni.

Mig langaði til að hringja í pabba en fékk mig ekki til þess. Hvað ætti ég að segja honum? Myndi hann trúa mér ef ég segði honum að eftir aðeins nokkra daga í nýja skólanum væru einu félagar míniþ pýsk pönkarastelpa og kúrdíkur flóttastrákur frá Sýrlandi? Að ég væri hrædd við óvini hans og að nektarmyndir af Lindu væru í umferð á netinu? Nei, ég gat ekki einu sinni hringt í pabba. Samt hélt ég fast um símann og horfði á myndina af okkur. Vertu sterk, Hrafnhildur, hugsaði ég og náði að lokum að sofna.

## 23

mínu. Mamma var endalaust að stinga upp á því að við tvær færum eithvað út eða við fjölskyldan öll saman. Ég sýndi því engan áhuga.

*Nenni því ekki. Hef engan áhuga á því, farið þið bara.* Pessi svör komu auðveldlega. Ég vissi alveg að ég létt barnalega. Mér leið bara svo illa að

Spennan sem hafði verið í mér við skólabyrjun var næstum því horfin. Oft leið mér samt illa og fannst líf mitt óréttlátt. Linda hafði ekki svarað mér þótt ég hefði reynt mikil að ná í hana.

Það var erfitt að lifa með því að birtar hefðu verið nektarmyn dir á netinu af bestu vinkonu minni. Verst fannst mér að vilja gera allt til að vernda og hugga Lindu en geta í raun ekkert gert.

Allt í sambandi við þetta mál tók ég rosalega nærrí mér. Ég gat líka alveg verið sammála henni um að líklega væri ég mjög barnaleg. Ég varð að viðurkenna að mér hafði ekki dottið til

hugar að Linda hefði sofið hjá Kormáki. Sjálf hafði ég ekki einu sinni kysst strák, hvað þá stelpu. Eftir að ég kom að mömmu og Tryggva í sófanum lokaði ég mig oft af inni í herberginu

að ekkert væri eðlilegra en að fullorðið fólk stundaði kynlíf en líka að það væri jafn óeðlilegt að börn horfðu á það. Mamma reyndi einu sinni að næða þetta við mig en ég tók fyrir eyrun. Hún helt örnuuglega að mér liði aðallega illa út af þessu atviki. Mér var undarlega sama um það. Hún létt mig þá frekar í friði. En hún reyndi samt oft að nálgast mig. Stundum kom hún inn í herbergið mitt þegar hún helt að ég væri sofnuð og strauk blíðlega yfir ennið á mér. Ég þóttist þá sofa og ekki tak að eftir því.

Oft var ég ein heima. Það góða við það var að ég haffði nægan tíma fyrir heimanámið. Smátt og smátt skildi ég meira í þýskunni. Mér fannst eiginlega ótrúlega gaman að læra hana.

Við Annika byrjuðum á verkefni um.

Katrínu og Merkel. Aðallega lærðum við saman á bókasafninu í skólanum en tvívar sinnum heima hjá henni. Í bæði skiptin var hún ein heima. Hún var ofsalega hjálpsöm og fjörug og ég gleymdi oft öllum leiðindum þegar við vorum saman. Ég hefði samt alveg viljað vera án reykingafýlunnar sem var alltaf af henni. Það góða var að hún pantaoi oft pítsu handa okkur og borgaði með kortinu hans pabba síns.

Ég var búin að lofa sjálffri mér að skipta mér ekki meira af Akam. Og ég stóð við það þar til ég komst að því að ég burfti að skila heima-dænum í staerðfræði sem ég gat ómöögulega leyst sjálf. Ég bað Anniku að hjálpa mér en hún sagðist kunna enn minna en ég.

Mamma sá óleyst dæmin á skrifborðinu mínu og benti mér á að Tryggi gæti örugglega kennit mér stærðfræði. *Nei, takk,* sagði ég strax. *Get alveg gert þetta sjálf eða fengið vin minn til að kenna mér þetta.* Mamma spurði þá hvort það væri þessi sýrlenski sem ég hefði minnst á heima hjá Heidi

*en ég sagði Nei, hann er þýskur, og má ég ekki bara ríga mína vini í friði, sama huaðan þeir koma?*

Finn daginn gekk ég því hikandi að gráa og drungalega<sup>195</sup> skotinu hans. Hann var á sínum stað og sat boginn yfir hvítum blöðum. Hann létt sem ham tæki ekki eftir mér. Mig langaði mest til að strunsa í burtu og gefa skít í þessi dæmi. En ég þorði það ekki og sagði, því eins kæruleysislega og ég gat:

— Ég var að spá hvort þú gætir hjálpað mér aðeins með heimadæmin fyrst þú telur þig vera svona góðan í staerðfræði?

Þegar hann leit upp krossbrá mér. Við hægri augabréuna var langur skurður og blátt og gult glóðaraugað<sup>196</sup> sýndi að Akam hafði lent í einhyrju hræðilegu. Ég beygði mig niður að honum og lagði höndina varlegra á enni hans.

Við horfðumst í augu og ég hefði purft að vera blind til að sjá ekki óttann og reiðina í dökkt-brúnu augnaráði hans. Titrandi stundi ég upp: — Hvað kom eiginlega fyrir?

<sup>195</sup> Drungalegt þýðir dimmt og skuggalegt.  
<sup>196</sup> Glóðarauga er marið svæði í kringum auga.

- Ekkert.
- Vist.
- Nei, ekkert.
- Jú, segðu mér það, gerðu það, segðu mér það
- Eitt augnablik horfði hann undrandi en ögn hlýlega á mig. En svo færði hann höfuðið snögglega til og hélt áfram að reikna.
- Ég datt á hjóli.
- Já, en þú ert aldrei á hjóli.
- Jú, heima.
- Ertu að segja satt?
- Láttu mig fá dæmin.
- Hvernig veistu að ég er með dæmi?
- Láttu mig fá þau.
- Hikandi rétti ég honum blöðin, hann leit á þau.
- Þú verður síðan sjálf að skrifa þetta upp.
- Þetta eru finnntíu stiga dæmi, ég reikna þetta upp á þrjátíu og fjögur stig. Ef það eru engar villur þá fatter Herr Schneider strax að þú hafir fengið hjálp. Skilurðu ekkert af þessu?
- Takk, jú, eða sko, nei, ég skil eiginlega ekkert Jú, kannski fyrstu tvö dæmin.
- Pá brosti hann pínulítíð og leit á mig.
- Pú verður samt að ná prófunum. Dæmin gilda bara fjörutíu prósent.
- Takk.
- Takk hvað?
- Fyrir að segja mér það. Já, og fyrir að ætla að hjálpa mér. En hérra, hefði ekki þurft að loka skurðinum? Fórstu til læknis?
- Til hvers? Petta grær, sagði hann og benti vinstra megin á ennið á sér.
- þar var annað ör.
- Ertu aldrei hræddur að vera hérra?
- Hvar?
- Í þessu skoti?
- Hann stóð á fætur og tók blöðin saman.
- Ég elti hann.
- Það ber enginn neinn í þessum skóla, þá er hann búinn að vera, sagði hann og bentí á stálgráa öryggismynndavél.<sup>197</sup>
- Mér brá örlítið og hikaði við.
- Engar áhyggjur samt, hún nær ekki inn í skotið og það fær enginn að vita að ég er með

<sup>197</sup> Myndavél sem oft er á húsveggjum og tekur upp myndbönd sem hægt er að skoða seinna ef þörf er á.

## 24

dæmin þín, sagði hann og klappaði á  
bakpokann.

Í hjarta mínu fann ég að ég gæti ekki látið  
sem Akam væri ekki til. Væri ég þá ekki að  
flýja sjálfa mig?

Næsti tími var saga hjá Heinz-Otto. Hann var öoruvísi en flestir kennarar sem bylja upp úr bókum og glærum eins og vélmenni. Heinz-Otto hugsar upphátt, spjallar og skáldar um leið og hann kennir. Og hann var eini kennarinn sem veitti mér sérstaka athygli. Hann kom reglulega að borðinu mínu og þyddi fyrir mig lykilorð<sup>198</sup> svo ég gæti betur fylgst með umræðum í beknum. Auðvitað skildi ég ekki nærrí allt en vissi oftast hvað var verið að tala um. Ég var líka orðin dugleg að kynna mér efnið sjálf, lesa um það á ensku og svo stundum aftur á þýsku. Nú hafði umræða um frönsku býtinguna enn og aftur leitt til pælinga<sup>199</sup> um réttlæti. *Gerechtigkeit, Gerechtigkeit, heyrði ég Heinz-Otto*

<sup>198</sup> Lykilorð merkir hér orð sem eru oft notuð í umræðum eða skrifum um ákveðin mál.

<sup>199</sup> Pælingar eru það sama og hugsanir eða það þegar maður spáir í eitthvað.

segja aftur og aftur. *Justice*, endurtók hann þegar hann gekk fram hjá borðinu mínu.

— Getið þið nefnt dæmi frá okkar tínum um fólk sem tekur réttlætið í sínar hendur<sup>200</sup> eins og gerðist í frönsku byltingunni?

Hann horfði á mig eins og hann biði eftir svari. Ég leit vandræðaleg undan og var fegin þegar Wibeke svaraði:

— Greta Thunberg er gott dæmi. Svo rök-studdi<sup>201</sup> hún svarið í löngu máli á fullkominniþýsku og brosti síðan, ánægð með sig.

En Heinz-Otto var ekki á því að sleppa mér svo auðveldlega.

— Hvað gerðist á Íslandi eftir bankahrunið árið 2008, Hrafnhildur?

Nei, ekki aftur, hugsaði ég og dæsti. Eftir stutta umhugsun stamaði<sup>202</sup> ég þó út úr mér á einhvers konar þýsku:

200 Að taka réttlætið í sínar hendur er að berjast fyrir sanngímu með eigin aðferðum.

201 Að röksþýðja er að útskýra af hverju eitthvað er eins og það er, eða af hverju manni finnst eitthvað.

202 Að stama er þegar fólk getur ekki talað án þess að stoppa oft í miðju orði.

— Það varð bylting.<sup>203</sup> Með pottum og pönnum.

— Jæja, svo þú talar þýsku, sagði hann og klappaði saman höndum. Wibeke lyfti brúnum, Annika var sú eina sem klappaði með. Ég roðnaði niður í tær og langaði til að hverfa imn í mig. Heinz-Otto sagði þá frá Íslandi og búsaðalabyltingunni<sup>204</sup> rétt eins og hann hefði sjálfur verið á staðnum þegar fólk flykkjist niður á Austurvöll og mótmælti spillingunni sem hrunið opinberaði. Hann endurtók í sífelli orðin *krafa um réttlæti*,

— En hvað getið þið gert? Getur einn ein-staklingur einhverju breytt í samfélaginu? Enginn svaraði, allir vildu komast sem fyrst út úr tímanum. Ég starði fast niður á brúnt skólabordið. Ég óttaðist að hann spryrði mig fleiri spurninga. En mér leið líka illa vegna þess að þessi umræða um réttlæti hreyfði við mér. Ég hugsaði um Lindu en líka Akam. Ég vissi vel að

203 Bylting er þegar fólk ákvæður að mótmæla einhverju hardlega, stundum með ofbeldi.

204 Íslendingar mótmælu með potnum og pönnum hegðun sjórmálamanna í effnahagskrepunni árið 2008.

hann hafði ekki dottið á hjóli og mig langaði að vita sannleikann. En væri samt ekki best að þekkja hann ekki og þurfa ekki að hafa þessar áhyggjur?

Því betur sem ég hugsaði málíð því ákveðnari varð ég í að ná sambandi við Lindu, hvað sem það kostaði. Ég gat ekki verið sá auli að vilja ekki vita hvað hefði komið fyrir bestu vinkomu mína. Getur verið að þeir sem beiti óréttlæti<sup>205</sup> treysti á að skömmn fái fórnarlömbin til að þegja? Var það málíð hjá Lindu, sem var venjulega svo sterk og hugrökkl?

Ósjálfrátt rétti ég upp hönd. Hinir nemendurnir andvörpuðu, svekktrir að komast ekki strax í frímín. Útur. Ég spurði:

— Getur verið að skömm eða lítið sjálfstraust komi í veg fyrir að einstaklingar leiti réttlætis?

Ég skildi ekki hvernig ég þorði að spryja. Heinz Otto starði á mig. Hafði hamn ekki skilið mig?

Einhverjir fóru að taka saman.

— Bíðið, sagði han og lyfti annarri hendinni.

— Heyrðuð þið spurningu Hrafnhildar?

205 Að beita fólk óréttlæti er að koma fram við það á ósanngjarnan hátt.

Svarið er já, algjörlega. *Ganz klar*, sagði hann. Einstaklingum gæti líka verið hótað. Þeir gætu óttast að missa eitthvað, starf, stöðu í samfélaginu, jafnvel eignir. Hverjir eru tilbúnir að

fórnar öllu fyrir réttlætið þegar á reymir? En, sagði hann og hækkaði róminn um leið og hann stöðvaði nokkra nemendur í dyrunum. — Hugsið um mátt einstaklingsins þegar kemur að réttlæti. Við þurfum svo víst að fara að halda áfram í bókinni, bætti hann við ögn þreytulega.

Ég var að pakka niður bókunum mínum, djúpt hugsi, þegar Heinz-Otto sagði skýrt á þýsku:

— Mjög góð spurning, Hrafnhildur. Sem betur fer er til fólk sem berst fyrir réttlætinu. Stundum verða aðrir að rísa upp til varnar þeim sem bera skömm eða er jafnvel hótað.

Það var eins óg hann læsi hugsanir mínar.

Hann minnti mig aftur á pabba. Þeir tala bíðir af svo miklum eldmóði<sup>206</sup> og horfa svo stíft á mann að það er eins og þeir ætli inn í mann.

206 Fólk með mikinn eldmóð hefur mikinn áhuga og orku til að vinna að einhverju ákveðnu malefini.

## 25

Ég steig eitt skref til baka og brosti. Þá var eins og hann áttandi sig. Hann sagði vingjarnlega:

— Þú verður orðin altalandi á þýsku um áramótin ef þú heldur áfram að leggja þig fram.

— Takk, ég stefni að því, svaraði ég.

Við urðum samferða út úr stofunni og mér sýndist Wibeke gefa okkur illt auga. Hún hvíslaði einhverju að Birthe vinkonu sinni. Mér var undarlega skítsama.

Seinni hluta dagsins vorum við Annika heima hjá henni. Við breiddum úr okkur í glæsilegrí borðstofunni með fartölvur og pitsu en ég átti erfitt með að einbeita mér. Ég var úrvinda<sup>207</sup> af þreytu og áhyggjum. Ég bað á endanum um að fá að leggja mig að eins á sófanum.

— Já, ekkert mál, ég held bara áfram með verkefnið, sagði Annika og hamraði á lyklaborðið eins og reyndur forritari.

Það var farið að dimma þegar ég vaknaði í svitabaði undir bleiku ullarteppi. Annika talaði í símann úti á verönd en kom inn þegar hún sá að ég var vöknud.

— Hver er Linda? var það fyrsta sem hún sagði.

— Ha, Linda? sagði ég eins kæruleysislega og ég gat en tókst ekki að leyna geðshræringu<sup>208</sup>

<sup>207</sup> Að vera úrvinda er að vera mjög þreytt/þreyttur.

<sup>208</sup> Geðshræring getur þýtt það sama og stress eða uppnám.

minni. Mig hafði dreymt að ég væri á skólalóðinni og þar var Linda að flýja gaurana sem við Akam sáum á pitsustaðnum. Hún kallaði dauðhrædd á mig. Akam stóð hjá mér og ég sagði honum að fela sig, því þeir ætluðu að drepa hann. Svo birtist Heinz-Otto allt í einu og sagði reiður á svip: Er þetta réttlæti?

— Þú kallaðir svo oft Linda, Linda, á meðan þú svafst.

Mér fannst eins og Annika sæi í gegnum mig.

— Er það kannski kærastan þín á Íslandi? sagði hún og brosti striðnislega.

— Nei, alls ekki. Svo er ég ekki lesbísk, sagði ég. — Það er vinkona mína, besta vinkona mína.

Og þá réð ég ekki við gráttinn. Ég sagði Anniku allt. Allt um myndirnar og Kormák og að Linda vildi ekki tala við mig. Ég sagði frá því að ég hefði verið að kynna mér hefndar- og hrelliklám.<sup>209</sup> Að gerandinn<sup>210</sup> slyppi oftast við refsingu. Að löginn

næðu yfirleitt ekki utan um þessa nýju glæpi á nettu. Og að fórmarlömbin skömmuðust sín of mikið til að segja frá og þorðu sjaldnast að kæra til löggreglu.

Annika hafði auðvitað heyrt um svona mál. Hún hélt lengi utan um mig í sófanum og var djúpt hugsi. Loks spurði hún:

— Hvernig myndi þér líða ef þú værir hún? — Ég myndi skammaðast mín rosalega mikið. En ég væri líka ógeðslega reið.

— Myndir þú vilja að einhver annar gerði — Nei, ég held ég myndi ekki þora það. — Myndir þú vilja að einhver annar gerði eitthvað í málínu?

Þá varð ég hugsi. Þegar Kormákur birti myndina af mér var ég sjálf ekki tilbúin að hringja í hann.

En ég var fegin að einhver annar gerði það. Samt var það sakleysisleg mynd miðað við myndirnar af Lindu. Hvað myndi ég vilja í hennar sporum?

— Já, ég myndi líklega vilja það, sagði ég og burrkaði tárin með erminni.

— Þú manst hvað Heinz-Otto var að tala um eitthvað sem sæir eða meiðir einhvern annan.

— Já, ég veit.

Nú skildi ég betur hvað það merkir að vera vinur í raun. Það var að vera einmítt eins og bessi stelpa við hlið mér í sófanum. Í annað sinn á stuttum tíma hafði Anníka skynjað hvernig mér leið og komið fram við mig af innsæi.<sup>211</sup> Miklu meira innsæi en mér fannst ég hafa sjálf. Hvað gæti ég gefið henni á móti?

— Ég verð að flýta mér heim. Mamma og Tryggvi ætla í bíó í kvöld og ég á að passa stelpurnar, sagði ég og klæddi mig í gallajakka.

Ég hafði varla sleppt orðinu þegar Anníka hafði hent yfir sig svörtum leðurjakka. Það glamraði í stálkeðjunum þegar hún skaust inn á bað.

— Ég kem með og hjálpa þér, kallaði hún.

Það þyddi ekkert að mótmæla. Svo bað hún mig að koma snöggvast inn á bað. Hún var að lita varirnar á sér fjólabláar.

— Lokaðu augunum, skipaði hún mér glaðlega. Ég hlýddi. Fann yfir kitlandi maskara, augnblýanti og dansandi þúðurburstá á kinnunum. Að

lokum málæði hún varirnar af vandvirkti. Svo lyfti hún blíðlega undir hökuna á mér.

— Pú ert ótrúlega falleg, sagði hún hlýlega.

Ég gat ekki annað en brosað þegar ég sá mig í speglinum. Varrnar appelsínugular og flöskugrænn maskarinн dró fram geislandi græn augun.

Hárið á mér var eins og leifrandi rautt bál í kringum andlið. Mér fannst frelsandi að geta brosað við sjálfrí mér í fyrsta sinn síðan við flutnum hingað út. Augu okkar Anníku mættust í speglinum og við brostum hvor til annarrar. Hún dró mig nær sér og tók mynd af okkur á símann sinn. Svo strauk hún hendi niður eftir baki mínu og yfir mjaðmírnar.

— Bara svo þú vitir það þá er ég bæ. Sko bæsexual.

— Er það?

Ég gat ekki leynt því hvað ég var hissa.

— Engin pressa, bara róleg, sagði hún og hló að viðbrögðum mínum. — Vildi bara að þú vissir það áður en þú heyrðir talað um það í skólanum, fyrst við erum byrjaðar að hanga svona mikilð saman. Hún var rokin fram áður en ég náði að segja fleira.

211 Að hafa gott innsæi er að hafa næma tilfimingu fyrir öðru fólk og líðan þess.

Pessi stelpa var alltaf fljótari en ég að hugsa og framkvæma. Ég reimaði á mig skóna. Annika var farin að tala við einhvern fyrir utan og ég giskaði á að pabbi hennar væri kominn heim.

Ég hafði ímyndað mér að Annika myndi rétt svo heilsa pabba sínum og hjóla af stað. En hún faðmaði hann innilega, kúrði svo eins og lítill ung í fangi hans. Ég stóð tvístígandi<sup>212</sup> og vandræðaleg á planinu. Hugurinn leitaði heim til Íslands og ég óskaði þess að geta sjálf falið mig í faðmi pabba.

Ólikt Anniku var pabbi hennar hávaxinn og sterkelegur. Hann var líka læknalegur í túlti, svona sprittlegur. Hárið vel greitt og fötin snyrtileg. Virðuleg svört gleraugu römmuðu inn vingjarnleg augun. Hann gekk til mín ákveðnum skrefum og mig langaði mest til að flyðja. Ég gat ekki hugsað mér enn eitt spurningaflóðið.

— Dietrich, Dietrich Holz, gleður mig að kynnast þér, sagði hann.

Bros hans var hlýtt eins og bros Anniku.

— Pú hlýtur að vera Hilda, íslenska stúlkán sem Annika talar svo mikið um.

212 Að vera tvístígandi er það sama og að vera hikandi.

— Sæll, sagði ég og gat ekki annað en tekið í útréttu hönd hans, sterka og hlýja.  
— Eruð þið að fara eitthvað, stelpur?  
— Mamma hennar bað okkur að passa litlu tvíburasystur hennar, sagði Annika. — Þær eru svo fjörlagar að það er eiginlega ekki hægt að vera ein með þær.

— Ég sem ætlaði að grilla lax, en þú ert kannski búin að troða þig út af pitsu? spurði hann og glotti til Anniku.

— Neiui.

— Ég þekki þetta nei, sagði Dietrich og Christi höfuðið góðlátlega. — Getur þú ekki kennt þessari stelpu að borða fisk, Hilda? spurði hann um leið og hann lyfti innkaupapokum úr bílnum.  
— Kannski ef hún fær að koma með okkur í bústaðinn í haustfrínu, sagði Annika og horfði biðjandi á pabba simn.

Hún kunni greinilega að veða honum um fingur sér.<sup>213</sup>

213 Að veða einhverjum um fingur sér er að hafa gott lag á einhverjum, svo gott að viðkomandi gerir næstum hvað sem er fyrir mann.

## 26

— Það má ræða það, sagði hann brosandí.

— Hringdu þegar þú vilt að ég sækibig.

Ótrulegt hvernig Annika virtist geta snúið öllu sér í hag, hugsaði ég. Samskipti hennar við pabba sinn voru svo hlý og áreynslulaus að ég fann fyrir smávegis afbrýðisemi.

Annika var frábær. Samt kveið ég fyrir því að koma með hana heim í fyrsta sinn.

Mamma missti andlitið þegar hún sá Anniku og starði á hana með vandlætingarsvip.<sup>214</sup> Ég skammaðist mín. Tryggvi hafði þó vit á því að heilsa henni. Hann reyndi að babbla eitthvað á þýsku en var feginn þegar Annika stakk upp á að tala ensku. Áður en ég vissi af voru þau Tryggvi komin í djúpar samræður um Ísland. Annika vitnaði í allt sem við höfðum rætt við gerð verkefnisins og hljómaði eins og vitrasti unglingsur Evrópu. Tryggvi fíll alveg fyrir þessu og virtist varla trúa eigin eyrum. Ég hafði ekkert sagt þeim sérstaklega frá Anniku. Bara að ég þyrfti stundum að hitta vinkonu til að vinna að verkefni um Merkel og Katrínu. Annika hrósadí íslendingum mikil. Hún talaði um árangur þeirra í alþjóðlegum stjórnmálum,

214 Þegar horft er á einhvern með vandlætingarsvip fylgir því hnreykslun og tortryggni, ekki velpóknun.

frammistöðu fótboltalandslíðsins á EM 2016 og hvað Björk væri frábær tónlistarkona. Svo leiddi hún talið að vinnuni hans Trygga í Þýskalandi og hlustaði áhugasöm meðan hann sagði stoltur frá störfum sínum.

— Hvað þá?

— Ég held bara að þessi stelpa sé of ólík þér.

— Nú? Þekkir þú hana?

Auður og Hugrún höfðu steinþagnað þegar þær sáu Anniku í forstofunni. Það gerðist sko ekki oft. Þær tylltu sér,<sup>215</sup> óvenju stilltar, á efstu tröppu í stiganum og stördū á okkur eins og hræddar mys. Ég var fyrir längu komin í vörn þegar ég steig inn í eldhús, viss um að mamma myndi segja eitthvað leiðinlegt um Anniku.

— En hún líkist þér, þið eruð báðar í öllu svörtu, þér ætti að líka það.

— Pað hnussaði<sup>216</sup> í mömnu þar sem hún hallaði sér að ísskápnun og starði upp í loft. Svo leit hún á mig með undrunarsvip.

— Hva, varst þú að mála þig svona mikð?

— Nei, Annika gerði það. Hún er snillingur í krosslagði handleggjina.

— Jú, af hverju ekki?

— Hrafnhildur, er það nú gáfulegt?

— Við erum að klára verkefni. Hún er líka ógeðslega klár, örugglega miklu gáfaðri en við tvær til samans. Er það ekki einmitt það sem

þú vilt, að ég eigi gáfaðar vinkonur svo ég verði kannski einhvern tímann gáfuð sjálf?

— Hrafnhildur, vertu ekki með þetta rugl. Þetta er nú ekki það sem ég er að meina.

215 Að tylla sér er það sama og að setjast niður.

216 Þegar maður hnussar heyrst eins konar fnæs til marks um vanþóknun á einhverju, að manni mislíki eitthvað.

— Þú ættir að þvo þér, Hrafnhildur, þetta klæðir þig alls ekki.

Á augabragði<sup>217</sup> varð ég báreið. Hverníg gat mamma leyft sér þetta? Mér fannst hún ekki þekkja mig neitt betur en Anniku. Hún vissi ekkert um mig, vildi í raun ekkert vita um mig.

Hún vissi bara hvernig hún vildi helst hafa mig.

— Þú hefur alltaf haft meiri áhuga á því hvernig fólk lítur út en persónuleika þess. Þú vilt frekar spá í hvernig fólk klæðir sig heldur en hvað það hefur að segja. Ég hækkaði róminn.

— Þú ert ekki einu sinni búin að spryrja hvernig mér líði í dag. En þú leyfir þér að gagnýma útlit mitt af því það er ekki eins og þú vilt hafa það.

Ég fann tárin koma fram í augun. En í stað þess að hlaupa upp í herbergi og loka mig af, leyfði ég þeim bara að koma og hélt áfram:

— Pregar ég eignast vinkonu hérra í Þýskalandi er hún auðvitað ekki nógu góð fyrir þig. Þú hefur ekki einu sinni heilsað henni. En þú ert búin að ákveða að hún sé ekki nógu góð fyrir mig heldur. Breytir það einhverju að pabbi

hennar er læknir? Og mamma hennar dái? Þú gætir kannski vorkent henni, er það ekki? Eða viltu bara halda í fordóma þína frekar en fá að vita sannleikann?

Ég hafði aldrei áður verið svona æst við nokkra manneskju.

— Er það ekki bara ég sem er ekki nógu góð fyrir þig? Eða ert þú kannski ekki nógu góð fyrir sjálfa þig? Hvað ef ég segði þér að hún væri kærastan mínn? Ha, hvað myndir þú segja?

Pregar ég sá tárin í augum mömmu fékk ég sting í hjartað eins og alltaf þegar ég sé hana gráta. Samt fékk ég mnig ekki til þess að hugga hana. Vissi ekki hvað ég átti að segja eða gera. Ég gekk að vaskinum og skvetti köldu vatni framan í mig og þurkkaði mér með viskustykki. Svo strunsaði ég fram.

Sem betur fór virtust Annika og Tryggvi ekki hafa tekið eftir neinu. Þau voru niðursokkin<sup>218</sup> í samtal með sjónvarpið á fullu. Ég hljóp upp á baðherbergi.

217 Á augabragði þýðir það sama og umsvifalaust, undireins.

218 Þegar einhver er mjög upptekin/upptekinn við eithvað.

— Færð ykkur, fávitarnir ykkar! hreytti ég í tvíburana sem sátu enn steinrunnir<sup>219</sup> í stiganum.

Ég var með logandi samviskubit yfir framkomu minni en líka fegin. Það var hörmung að sjá mig í speglinum, með maskara út á kinnar.

En í augum mínum sá ég líka ákveðni sem ég vissi ekki að ég ætti til.

— Ég var að laga mig til þegar mamma kom í dyrdragættina.

— Má ég koma inn? spurði hún og brosti dauflega.

— Já, ef þú átt grænan maskara, sagði ég og brosti örklíð.

Hún leit hlýlega á mig.

— Hrafnhildur mín, það er margt rétt í því sem þú sagðir áðan. Ég get verið þróngsýn,<sup>220</sup> fyrirgefðu. Þú veist að ég vil þér allt gott.

— Ég veit.

— Takk fyrir að segja mér það, sagði mamma og var greinilega fegin.

— Fyrirgefðu hvað ég var æst og að ég særði þig, sagði ég og hélt áfram að mala mig.

— Auðvitað, ástin mín. Ég vona að við getum lært að tala fallegar sáman.

— Já, ég skal reyna, sagði ég, sneri mér við og tökk uttan um hana.

Mér fannst ég þurfa að passa hana. Ég vor-kenni henni að vera sífellt að keppast við að troða sér og okkur öllum inn í þrónga ramma.

— Mér bykir rosalega vænt um þig, sagði ég og kreisti hana fast. — Þú ert glæsilegasta mamma í heimi. Og besti kokkurinn.

Ég meinti þetta alveg, en sagði það samt aðallega til að sjá hana brosa.

219 Að vera steinrunnin/steinrunninn er að vera mjög hissa; og hreyfingardaus.

220 Þegar einhver er þróngsýn/þróngsýnn er su/sá ekki skilningsrik/skilningsrikur og skortur jafnvel umburðarlyndi.

— Ef það er eitthvað meira en vinátta milli ykkar Anniku, þá verður bara að taka því, sagði mamma. — Petta er sjálfsagt góð stelpa.

— Það er ekkert þannig, en hún er mjög góð vinkona mína.

Pegar við mamma komum niður lét Annika sem hún tæki ekki eftir neinu en ég vissi betur.

Skælbrosandi rétti hún mömmu höndina.

— Afsakaðu, frú Ríkharðsdóttir, ég gleymdi að kynna mig, ég heiti Annika. Afsakaðu innilega, ég tala allt of mikil.

Hún leit glaðlega til Tryggva sem var greinir lega mjög hrifinn af hemni.

— Hrafnhildur er búin að segja mér svo margt um Ísland að ég er líklega orðin óþoland áhugasöm um landið. Annika talaði um hvað heimilið væri smekklegt og hvað hún elskoði skandinaviska hönnun, til dæmis Arne Jacobsen. Þegar hún spurði mömmu hvort hún væri arkitekt gat mamma ekki annað en brosað.

Loks héldu mamma og Tryggvi af stað í bíóið. Annika fór strax að leika við stelpurnar og hoppa með þeim á trampólíninu. Ef nágrannar mir yrðu pirraðir vissi ég að Annika myndi tala þá til. Yrði ég nokkurn tímann eins ráðagóð og hún? hugsaði ég þar sem ég sat í grasinu og fylgdist með þeim. Mér varð hugsað til Lindu og til orða Heinz-Ottos fyr um daginn. Mér fannst

eins og öll pressan væri á mér. Að ég yrði að gera eitthvað, sýna hugrækki.

— Getur þú passað þær aðeins? kallaði ég til Anniku sem kinkaði kolli áður en hún henti sér í heljarstökk.<sup>221</sup>

Nú var að hrökkva eða stökkva.<sup>222</sup>

Ég stökk.

<sup>221</sup> Heljarstökk er þegar maður hoppar hátt upp í loft og fer aftur á bak eða áfram í kollhníms.

<sup>222</sup> Að hrökkva eða stökkva þýðir að flýja eða þora.